

## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan kaupstaðarlóðarinnar og hafnarinnar á Flateyri. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar en þar sem vatnssólumaður ákveður.

#### 2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

#### 3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Flateyrarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það, ásamt nákvæmum upplýsingum um vatnsmagn það, sem viðkomandi telur sig þurfa og til hvers það er ætlað. Vatnsveitan leggur stofnæðar um þorpið eftir þörfum, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum sínum á eigin kostnað allt að 60 metrum. Sé um lengri lögn að ræða leggur vatnsveitan nýja stofnæð.

#### 4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skyllt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

#### 5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast viðhald á vatnsæðum sínum. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

#### 6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma til að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á getur vatnsnotandi ekki krafist lækkunar á gjaldi fyrir vatnið. Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið til hreinsunar á geymi og æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

#### 7. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Flateyrarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.10% af fasteignamatsverði húsa og lóðar,

eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 000.00 á hverja húseign eða sjálfstæðri íbúðarhæð. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

#### 8. gr.

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjum, þvottahúsum, iðnfyrirtækjum, gistihúsum, frystihúsum, verbúðum, bensínafgreiðslum, þvottaplönnum o. fl., skal greiða vatnsskatt, er nemi 0.30% af fasteignamati húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma, þó aldrei minna en kr. 1 500.00 af hverri húseign. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneytissölur, greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.

#### 9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 3.00 fyrir hverja smálest.

Ársleiga fyrir hvern mæli skal vera kr. 800.00. Húseigandi ber kostnað af uppsetningu mælis, auk 1 500.00 kr. stofngjalds.

Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

#### 10. gr.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist kr. 20.00 fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Þó skal hreppsnefnd heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Flateyri.

#### 11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjald dagi vatnsveitunnar er sá sami og gjalddagi fasteignaskatta og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers ársfjórðungs. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskattsins af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni, án tillits til eigendaskipta, næstu þrjú ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá samkv. þessari reglugerð um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

#### 13. gr.

Hver sá, sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, skal bæta það að fullu og sæta sektum samkv. 16. gr. Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar, til þess að losna við að greiða gjöld, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

#### 14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar, eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistörf í kauptúninu.

**15. gr.**

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er frjálst að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja um, til eftirlits. Ef útbúnaði er á einhvern hátt ábótavant, skal það tafarlaust lagfært á kostnað húseiganda.

**16. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að kr. 100 000,00 sekt nema þingri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps frá 1. ágúst 1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1974.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**REGLUR**

fyrir veðdeild Alþýðubankans hf. um útgáfu á 1. flokki bankavaxtabréfa samkvæmt reglugerð nr. 330 24. nóvember 1972 fyrir Alþýðubankann hf. sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breyting á þeirri reglugerð.

**1. gr.**

Samkvæmt 28. gr. reglugerðar fyrir Alþýðubankann hf. nr. 330 frá 24. nóv. 1972 er veðdeild Alþýðubankans hf. heimilt að gefa út flokk bankavaxtabréfa og nefnist flokkur þessi fyrsti flokkur. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 25 milljónum króna.

**2. gr.**

Veðdeild Alþýðubankans hf. gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Bankastjórn Alþýðubankans hf. undirskrifar bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglum þessum. Fjárhæð bréfanna skal vera kr. 100 000,00 og skal hvert bankavaxtabréf vera tölusett og bréfin samin eftir þeirri fyrirmynd, sem stjórn Alþýðubankans hf. ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða.

**3. gr.**

Vextir af bankavaxtabréfunum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, ár hvert, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í veðdeild Alþýðubankans hf. Ársvextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 11,5% og reiknast eftir á af höfuðstól eða eftirstöðvum hans. Verði almenn breyting á útlánsvöxtum frá því, sem er í núgildandi fyrirmælum Seðlabanka Íslands frá maí 1973, breytast vextir af bankavaxtabréfunum hlutfallslega til samræmis.